

**Nd.**

**165. Nefndarálit**

**[42. mál]**

um frv. til l. um fræðslumyndasafn ríkisins.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt það ýtarlega við fræðslumálastjóra og núverandi forstöðumann safnsins. Telur nefndin mikla þörf á að efla þessa starfsemi og koma henni á fastan grundvöll, enda er notkun kvikmynda og kyrrmynda vaxandi við kennslu í skólum og hvers konar fræðslustarf utan skóla, en auk þess verulegur liður í félagslífi þjóðarinnar. Nefndin mælir því með samþykkt frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir fjárveitingu til safnsins á fjárlögum, eigi lægri en sem svarar 4% af skemmtanaskatti umliðins árs. Verði fjárveitingin nálægt því lágmarki, hlýtur fjárhagur fræðslumyndasafnsins að verða mjög þröngur. Af þessum sökum vill meiri hl. nefndarinnar benda á leið til nokkurrar fjáröflunar og flytur því svofellda

**BREYTINGARTILLÖGU:**

Aftan við 3. gr. bætist ný málsgrein:

Heimilt er menntamálaráðherra að ákveða gjald fyrir lán eða leigu á mjókvikmyndum (16 eða 8 mm). Skulu stofnanir eða einstaklingar, sem að staðaldri lána eða leigja slíkar kvikmyndir, innheimta gjaldið, en það rennur til fræðslumyndasafns ríkisins.

Alþingi, 29. nóv. 1960.

Benedikt Gröndal,  
form., frsm.

Davíð Ólafsson,  
fundaskr.

Alfreð Gíslason.

Björn Fr. Björnsson.